

# Morgunblaðið

MÁNUDAGUR 30. DESEMBER 364. DAGUR ÁRSINS 2019



**Nepal** Knútur Óskarsson hefur skipulagt ferðir til Nepals og veitir nú áritanir til landsins í Suður-Asíu.

## Framtíð í ferðamennsku

- Stjórnvöld í Nepal vekja athygli ferðamanna á landinu
- Knútur Óskarsson kjörræðismaður lætur sig lífsgæði varða

**Steinþór Guðbjartsson**

steinthor@mbl.is

Frá og með 1. janúar 2020 geta ferðamenn á leið til Nepals fengið áritanir í vegabréf á ræðisskrifstofu Nepals á Íslandi, en til þessa hafa Íslendingar þurft að sækja um áritanir til landsins hjá sendiráði Nepals í Kaupmannahöfn.

Knútur Óskarsson er nýskipaður kjörræðismaður fyrir Nepal á Íslandi. Hann var lengi í ferðamannabransanum, „fæddist inn í hann“, eins og hann orðar það og víesar til þess að faðir hans hafi rekið sumarhótel á Laugum í Reykjadal í Suður-Pingeyjarsýslu. Hann hóf störf í ferðamálum að loknu háskólaprófi í viðskiptafræði 1977 og kynntist þá Nepal. „Góður vinur minn, David Oswin, var með ferðaskrifstofu í Bretlandi og fór alltaf með hópum á staði, sem hann seldi ferðir á. Hann sagði eitt sinn við mig að það væru aðeins tveir staðir sem væru þess virði að heimsækja endurtekið,

Nepal og Ísland.“ Knútur segist hafa farið með þessum vini sínum nokkrum sinnum í sendiráð Nepals í Lundúnum, kynnst starfsfólk þar og eitt hafi leitt af öðru.

### Herferð í gangi

Verkefni Knúts sem kjörræðismanns eru fyrst og fremst að gæta hagsmunu nepalskra stjórnvalda á Íslandi. Hann segir að nú sé að byrja sérstök herferð þeirra í þeim tilgangi að vekja athygli á landinu sem áfangastað að næsta ári og liður í því sé að endurtekja starf kjörræðismanns hérlandis. „Stjórnvöld í Nepal vilja gera allt sem þau geta til þess að styrkja efnahaginn og þau sjá framtíð í ferðamennskuunni.“

Knútur hefur verið verkefnastjóri og stjórnarformaður hjá Endurhæfingu – bekkingarsetri í Kópavogsgerði 10 í Kópavogi frá maí 2004 og sinnir þar jafnframt kjörræðismannsstörfunum. Eiginkona hans, Guðný Jónsdóttir sjúkraþjálfari, er

framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sem veitir sérhæfða endurhæfingarþjónustu og íhlutun vegna velferðartækni fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land ásamt endurhæfingu fyrir Rjóðrið, hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og fötluð börn. „Eftir að hafa unnið við ferðajónustu um árabil sneri ég mér að því að viðhalda lífsgæðum á annan hátt,“ útskýrir hann og leggur áherslu á að starfsemin byggist á þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Íslendingar ferðast víða og margir hafa lagt leið sína til Nepals.

Knútur skipulagði ferðir þangað á sínum tíma og hann bendir á að íslenskar ferðaskrifstofur séu reglugæð með ferðir til landsins auk þess sem margir, ekki síst fjallgöngufólk, fari þangað á eigin vegum. „Í samfélagi Nepala á Íslandi eru um 200 manns og það er gaman að tengjast því og íslenskum ferðamönnum með þessum hætti,“ segir hann um kjöræðisstarfið.